

# Í dalnum heima

Tónholt

Texti: Baldur Baldvinsson frá Ófeigsstöðum


Lag: Baldur Baldvinsson frá Rangá

C F  
Í dalnum heima dvelur hugur minn  
G C  
í dagsins önnum raddir þínar gjalla.  
F  
Frá þínum bröttu hlíðum Kalda-Kinn,  
G C  
þú krýnda drottning himinblárra fjalla.


F C  
Mín fóstran kæra björt og hrein á brá  
D G  
með bros á vör í sumarblænum þíðum,  
C F  
ég elska hverja laut og hæð og lág  
G C  
og lind í þínum fagurgrænu hlíðum.

C F  
Ég elska þig með blíða brosið þitt  
G C  
og blómin þín sem lengi munu anga.  
C F  
og þegar hættir störfum hjarta mitt  
G C  
ég hníg sem lítið blóm að þínum vanga.


F C  
Ég flyt þér kveðju draumadalur minn  
D G  
í draumi og vöku raddir þínar kalla.  
C F  
Ég hníg að faðmi þínum Kalda-Kinn,  
G C  
þú krýnda drottning himinblárra fjalla.




C dúr




F dúr



G dúr



D dúr



F dúr (léttari útg.)